

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands eystra þriðjudaginn 30. október 2007 í máli

nr. S-120/2007:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson fulltrúi)

gegn

X

(Þorsteinn Hjaltason hdl.).

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. þ.m., er höfðað fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra með tveimur ákærum sýslumannsins á Akureyri, útgefnum 7. maí 2007 og 18. júní 2007, á hendur X ... Akureyri.

Með fyrri ákærunni er mál höfðað á hendur ákærðu fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa sunnudaginn 25. febrúar 2007 ekið bifreiðinni OP-875 undir það miklum áhrifum slævandi lyfja (levómeprómazíns, klónazepams og venlefaxíns), að hún var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega, þar sem hún ók suður Þórunnarstræti á Akureyri, uns hún missti stjórn á ökutækinu og ók upp á umferðareyju og á umferðarskilti við gatnamót Hamarstígs. Er þetta talið varða við 2. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga.

Með síðari ákærunni er mál höfðað á hendur ákærðu fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa mánudaginn 23. apríl 2007 ekið bifreiðinni TS-437 undir það miklum áhrifum slævandi lyfja (karbamazepíns og klónazepams), að hún var ekki fær um að stjórna bifreiðinni örugglega, þar sem hún ók suður Hafnarstræti á Akureyri, en lögreglan stöðvaði akstur hennar við hús nr. 81. Er þetta talið varða við 2 mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar og til sviptingar ökuréttar samkvæmt 101. gr. nefndra umferðarlaga.

Verjandi ákærðu krefst sýknu af broti því sem ákærðu er gefið að sök í fyrri ákærunni og vægustu refsingar sem lög leyfa vegna brots ákærðu samkvæmt hinni síðari ákæru. Þá krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna sér til handa.

I. Ákæra útgefin 7. maí 2007.

Málsatvik

Sunnudaginn 25. febrúar 2007, um kl. 15:10, kom lögreglan á Akureyri á vettvang umferðaróhapps þar sem bifreiðinni OP-875 hafði verið ekið á umferðarskilti við Þórunnarstræti norðan gatnamóta við Hamarstíg á Akureyri. Ökumaður bifreiðarinnar var ákærða en með ákærðu í bifreiðinni var farþegi í framsæti, Y. Lögreglumenn ræddu við ákærðu á vettvangi og samkvæmt skýrslu lögreglumannsins Geirs Baldurssonar var ákærða mjög hæg í hreyfingum og þvoglumælt. Vaknaði því grunur lögreglumanna um að ákærða hefði neytt lyfja og var hún handtekin og færð á lögreglustöðina á Akureyri. Eftir að komið var á lögreglustöðina skýrði ákærða frá því að hún hefði neytt róandi lyfja fyrr um daginn, bæði fyrir og eftir hádegi. Kvaðst hún hafa tekið 2 stk. Rivotril 2 mg, 3 stk. Truxal 15 mg, 2 stk. Efexor 150 mg og 2 stk. Nozinan 25 mg. Á lögreglustöðina kom vakthafandi læknir, Hjálmar Freysteinnsson, til að meta ástand ákærðu og draga úr henni blóð til rannsóknar.

Í málinu liggur frammi hæfnispróf/klínískt mat sem Hjálmar Freysteinnsson læknir gerði á ákærðu. Þar kemur fram að ákærða hafi verið sljó og lítið eitt óörugg við að ganga beint eftir línu. Innri klukka hafi verið óeðlileg en þó hafi ákærða áttað sig á tíma og stað. Málfar hafi verið að hluta eðlilegt en ákærða hafi verið sljó og svipbrigðalítill í framkomu. Álit læknisins var að ákærða væri nokkuð undir áhrifum og væri ekki fær um að stjórna ökutæki örugglega.

Í málinu liggur frammi matsgerð sérfræðinga hjá Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði á blóðsýni því sem dregið var úr ákærðu. Segir þar að í blóði hafi mælst levómeprómazín (Nozinan®) 50 ng/ml, klónazepam (Rivotril®) 55 ng/ml og venlafaxín (Efexor®) 275 ng/ml. Klórprótixen (Truxal®) hafi hins vegar ekki verið mælanlegt í blóði. Þá segir að levómeprómazín sé lyf við geðrofi sem hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfi en ekki liggja fyrir rannsóknir sem lýsi áhrifum þess á aksturshæfni. Um klónazepam segir að það sé lyf við flogaveiki sem hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfi og geti notkun þess í læknisfræðilegum skömmtum dregið úr aksturshæfni. Um venlafaxín segir að það sé þunglyndislyf sem hafi slævandi áhrif á miðtaugakerfi í upphafi meðferðar en ekki hafi verið sýnt fram á að taka þess í lækningalegum skömmtum dragi úr aksturshæfni. Um styrk efnanna segir að styrkur levómeprómazíns sé eins og eftir lága lækningalega skammta, styrkur klónazepams sé eins og eftir fremur háa lækningalega skammta og styrkur venlafaxíns sé svipaður og búast megi við eftir lækningalega skammta. Þá segir að ökumaður hafi verið undir slævandi áhrifum levómeprómazíns og klónazepams og hugsanlega einnig venlafaxíns. Ekki sé hægt að segja til um áhrif levómeprómazíns og venlafaxíns á aksturshæfni en gera megi ráð fyrir að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti vegna töku klónazepams þegar blóðsýnið var tekið.

Í málinu liggur frammi læknisvottorð Árna Jóhannessonar geðlæknis, sem m.a. var læknir ákærðu í innlögunum á geðdeild Fjórðungssjúkrahússins 15. febrúar til 19. febrúar 2007, en eftir það var ákærða í reglulegum göngudeildarviðtölum hjá læknum til og með 6. maí 2007. Rekur læknirinn það hvaða lyf ákærða hafi notað að hans ráði og tilvísan. Hann kveðst ekki hafa rætt sérstaklega akstur samfara lyfjameðferð við ákærðu en oft nefnt við hana að hún væri á háum skömmtum af róandi lyfjum sem gætu haft slævandi áhrif á hana, að auki hafi hún á stundum tekið hærri skammta en læknirinn hafi ráðlagt. Að hans mati hafi hún án nokkurs vafa myndað þol gegn róandi og slævandi verkunum Rivotrils (klónazepams) og hafi það lyf mun minni róandi og slævandi áhrif á hana en einstakling er aldrei hefði notað slíkt lyf. Kveðst læknirinn telja að ákærða hafi getað ekið bifreið þrátt fyrir töku framangreindra lyfja að því gefnu að hún hafi ekki verið undir áhrifum áfengis eða annarra slævandi lyfja. Blóðþéttnimæling af klónazepam, sem gerð hafi verið eftir að óhappið varð, gefi ekki vísbandingu um að það lyf hafi verið tekið í hærri skammti en ráðlagt var þann dag.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi

Ákærða, X, bar fyrir dómi, að hún hefði ekið bifreiðinni OP-875 niður Þórunnarstræti á um það bil 30-40 kílómetra hraða í hálfu og snjókomu. Skyndilega hafi bifreiðin farið upp úr hjólförum í götunni, snúist og runnið á staur. Ákærða kvaðst hafa notað umrædd lyf það lengi að hún hafi myndað þol gagnvart þeim og að hún hafi ekki fundið fyrir neinum áhrifum í umrætt sinn. Þá tók hún fram að hún hafi ekki tekið meira af nefndu Rivotril-lyfi sem innihaldi klónazepam en ráðlagt hafi verið. Um framkomu sína á vettvangi og niðurstöðu hæfnismats Hjálmars Freysteinsonar læknis sagði ákærða að hún hefði verið í nokkru áfalli eftir umferðaróhappið og kynni það að hafa haft áhrif á framkomu hennar. Þá kvaðst hún oft fá athugasemdir frá fólki um að hún tali óskýrt.

Geir Baldursson lögreglumaður bar vitni fyrir dómi og staðfesti það sem fram kom í lögregluskýrslu hans um málið. Er ekki ástæða til að rekja framburð hans frekar.

Hjálmar Freysteinson heimilislæknir kom fyrir dóm og staðfesti hæfnismat það sem hann gerði á ákærðu og er ekki ástæða til að rekja framburð hans frekar.

Guðlaug Þórsdóttir læknir staðfesti framangreinda matsgerð Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði hér fyrir dómi. Aðspurð um ályktun um aksturshæfni sem fram kemur í matsgerðinni kvað hún þá ályktun byggjast á almennum mælikvarða þannig að ekki væri sérstaklega tekið tillit til þess hvort viðkomandi hefði myndað þol gagnvart klónazepam. Ógerningur væri að taka slíkt með í reikninginn þar sem þolmyndun væri mismunandi eftir einstaklingum.

Árni Jóhannesson geðlæknir kom hér fyrir dóm og staðfesti álit sitt samkvæmt framangreindu vottorði. Aðspurður um niðurstöðu hæfnismats Hjálmars

Freysteinnssonar heimilislæknis kvað hann það vel hugsanlegt að umferðaróhapp það sem ákærða lenti í hafi haft áhrif á frammistöðu hennar í því mati sem og aðra framkomu hennar í kjölfar óhappsins.

Niðurstaða

Samkvæmt framannefndu vottorði geðlæknis, sem ávísaði greindum lyfjum til ákærðu, metur hann það svo að lyfjaskammturinn hafi ekki verið meiri en svo að hún ætti að hafa verið fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Það að hún missti stjórn á bifreiðinni í hálfu sannar ekki að hún hafi ekki verið fær um að stjórna henni örugglega vegna áhrifa af lyfjanotkun. Samkvæmt framburði geðlæknis ákærðu hér fyrir dómi er vel hugsanlegt að umferðaróhappið sjálft hafi haft áhrif til hins verra á frammistöðu hennar og ástand er Hjálmar Freysteinnsson lagði mat á hæfni hennar til aksturs. Með skírskotun til þessa þykir ekki hafa verið nægilega sannað að framangreind lyf sem fundust í blóði ákærðu hafi valdið því að hún væri ófær um að stjórna bifreiðinni örugglega í skilningi 2. mgr. 44. gr. umferðarlaga. Verður hún því sýknuð af broti samkvæmt ákæru útgefni 7. maí 2007 og sakarkostnaður í þessum þætti málsins felldur á ríkissjóð.

II. Ákæra útgefni 18. júní 2007

Ákærða hefur hér fyrir dómi játað brot það sem henni er gefið að sök í hinni síðari ákæru. Fær játning hennar stoð í gögnum málsins og telst brot hennar því nægjanlega sannað og varðar við tilgreind lagaákvæði í ákæruskjali.

III.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins hefur ákærða ekki áður gerst sek um refsivert brot svo kunnugt sé. Þykir refsing ákærðu nú hæfilega ákveðin kr. 60.000,- í sekt til ríkissjóðs og komi fjögurra daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dómsins.

Með vísan til 101. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að svipta ákærðu ökurétti í þrjá mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Í málinu liggur fyrir sakarkostnaður vegna þess brots sem ákærða er sakfelld fyrir, alls að fjárhæð kr. 171.520,- og ber samkvæmt 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 að dæma ákærðu til greiðslu hans. Með vísan til 165. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála greiðist úr ríkissjóði sakarkostnaður vegna brots samkvæmt ákæru útgefni 7. maí 2007, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Þorsteins Hjaltasonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 140.000,- og er virðisaukaskattur þar innifalinn.

Dóminn kveður upp Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð :

Ákærða, X, greiði kr. 60.000,- í sekt til ríkissjóðs og komi fjögurra daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða er svipt ökurétti í þrjá mánuði frá birtingu dómsins.

Ákærða greiði kr. 171.520,- í sakarkostnað.

Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Þorsteins Hjaltasonar hdl., kr. 140.000,- og er virðisaukaskattur þar innifalinn.